

### 1.) Hvað leggur Embætti landlæknis til hvað varðar skattlagningu gosrykkja?

Embætti landlæknis leggur til að stjórnvöld hækki álögur á gosdrykki þannig að þeir séu a.m.k. skattlagðir í samræmi við almenna skattheimtu í landinu, þ.e. beri 24% virðisaukaskatt í stað 11%. Einnig ætti að leggja vörugjöld á gosdrykki þannig að hækkunin nemi a.m.k. 20% í heildina en það er í samræmi við nýja skýrslu frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni.

Fjármuni sem koma inn mætti nýta til að lækka álögur á grænmeti og ávexti en í fyrrgreindri skýrslu WHO kemur fram að sterkur vísindalegur grunnur sé fyrir því að 10-30% lækkun á álögum á hollum vörum eins og ávöxtum og grænmeti geti verið áhrifarík leið til að auka neyslu á þessum fæðutegundum. Einnig ætti að eyrnamerkja hluta af álögnum fyrir starf á sviði heilsueflingar eins og gert er með gjöld á tóbak og áfengi. Þannig gætu stjórnvöld skapað aðstæður sem hvetja til heilbrigðari lífnaðarháttanna og aukið jöfnuð til heilsu.

Samhliða slíkri skattlagningu er mikilvægt að upplýsa almenning um heilsufarslegan ávinning af minni sykurneyslu. Einnig er mikilvægt að fylgjast með og meta hvaða áhrif skattlagningin hefur á neysluvenjur.

Skýrslu WHO má finna hér:

<http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/250131/1/9789241511247-eng.pdf?ua=1>

### 2.) Er bæði verið að tala um að skattleggja sykraða gosdrykki og diet gosdrykki?

Embætti landlæknis leggur til að hækka álögur á öllum sykrðuð gosdrykkjum og diet drykkjum (gosdrykkir með sætuefnum). Hvorki er mælt með að drekka sykraða gosdrykki né gosdrykkjum með sætuefnum heldur að drekka frekar vatn við þorsta og með mat. Kolsýrt vatn án sítrónusýru (E330) getur einnig verið góður kostur í stað gos- eða svaladrykkja. Neysla diet-drykkja viðheldur löngun í sætt bragð og einnig er vert að nefna að drykkir með sætuefnum innihalda ýmsar sýrur, líkt og sykraðir drykkir, sem hafa glerungseyðandi áhrif.

### 3.) Hvernig er skattlagningu gosdrykkja háttáð á hinum Norðurlöndunum?

Í Noregi bera alkóhólfríir drykkir sem innihalda sykur eða sætuefni vörugjöld, 3,19 NOK á lítra (2015). Í Finnlandi eru vörugjöld á alkóhólfríum drykkjum, 0,11 EUR á lítra og 0,22 EUR á lítra á drykkjum sem innihalda meira en 0,5% sykur (2015).

### 4.) Hver er reynsla annarra af skattlagningu gosdrykkja?

Í Bereley í Kaliforníu voru lögð á vörugjöld, 40 kr. á lítra, á drykki með viðbættum sykri í mars 2015. Niðurstöður rannsóknar um áhrif þessarar skattlagningar, sem birtust í American Journal of Public Health í ágúst 2016, sýna að neysla á sykrudum gosdrykkjum dróst saman um 26% en vatnsdrykkja jókst umtalsvert. Á sama tíma jókst neysla á sykrudum gosdrykkjum í samanburðarborgunum Oakland og San Francisco um 10% og vatnsdrykkja um 19%. Sjá nánar hér:

<http://ajph.aphapublications.org/doi/abs/10.2105/AJPH.2016.303362?journalCode=ajph>

Í Mexíkó voru vörugjöld, 6 kr. á lítra, lögð á sykraða drykki í byrjun árs 2014, sem samsvöruðu um 10% hækkun. Niðurstöður, sem birtar voru í tímaritinu British Medical Journal í janúar 2016, sýndu að neyslan minnkaði um 12% fyrsta árið eftir að vörugjöldin voru lögð á. Minnkunin var meiri meðal tekjulágra eða um 17%. Sjá nánar hér: <http://www.bmj.com/content/bmj/352/bmj.h6704.full.pdf>

Fleiri dæmi um reynslu annarra má finna í skýrslu WHO, sjá nánar hér:

<http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/250131/1/9789241511247-eng.pdf?ua=1>

### 5.) Hvernig hefur þróun vörugjalda og virðisaukaskatts á matvælum verið á Íslandi?

Verð á gosdrykkjum er lágt á Íslandi og lækkaði enn frekar þegar vörugjöld voru afnumin í byrjun árs 2015. Þá lækkaði ákveðin tveggja lítra gosflaska um tæplega 14% samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofunnar.

Sjá nánar hér um þróun virðisaukaskatts og vörugjalda á gosdrykkjum, sælgæti og öðrum matvælum:

[http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item24872/Verdlags%C3%BEroun\\_ski\\_al%20med%20frett%202.10.2014.pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item24872/Verdlags%C3%BEroun_ski_al%20med%20frett%202.10.2014.pdf)

## 6.) Af hverju að skattleggja gosdrykki?

Í nýrri skýrslu frá WHO kemur fram að það sé vaxandi vísindalegur grunnur fyrir því að vel skipulagðir skattar á matvæli, ásamt fleiri aðgerðum, geti verið áhrifarík leið til að bæta neysluvenjur. Skattlagning ætti því að vera ein af forgangsaðgerðum stjórnvalda til að fyrirbyggja langvinna sjúkdóma. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að það sé mestur ávinningur af skatti á sykraða drykki og hann þurfi að vera ápreifanlegur og hækka verð um a.m.k. 20%. Þar kemur einnig fram að 20% skattur geti minnkað neyslu um 20%.

## 7.) Hvaða áhrif hefur mikil sykurneysla á heilsu?

Neysla á sykurríkum vörum, þ.m.t. gosdrykkjum, eykur líkur á offitu og tannskemmdum. Mikil neysla á sykraðum gos- og svaladrykkjum getur auk þess aukið líkur á sykursýki af tegund 2. Hugsanlega skiptir neyslumynstur máli, en það virðist t.d. hafa mismunandi áhrif á efnaskipti líkamans hvort sykurs er neytt í minni skömmtum yfir daginn eða í miklu magni á stuttum tíma, eins og gerist þegar maður drekkur sykraða drykki, en þannig er auðvelt að innbyrða mikið magn sykurs á stuttum tíma.

*Sjá nánar:*

- Kerfisbundin yfirlitsgrein (systematic review) á tengslum mikillar sykurneyslu og sykursýki af tegund 2: [Does high sugar consumption exacerbate cardiometabolic risk factors and increase the risk of type 2 diabetes and cardiovascular disease](#)
- Kerfisbundin yfirlitsgrein (systematic review) á tengslum neyslu næringarefna og mataræðis á langtíma þyngdarbreytingar: [Dietary macronutrients and food consumption as determinants of long-term weight change in adult populations: a systematic literature review](#)

- Sjá einnig í þessari grein: [Dietary sugars and body weight: systematic review and meta-analyses of randomised controlled trials and cohort studies](#)
- Kerfisbundin yfirlitsgrein (systematic review) á tengslum sykurs og tannskemmda: [Effect on caries of restricting sugars intake: Systematic Review to inform WHO Guidelines.](#)

### 8.) Hefur verð gosdrykkja áhrif á neyslu?

Nýleg rannsókn, sem gerð var hér á landi af Daða Má Kristóferssýni, prófessor í hagfræði við HÍ og Laufey Steingrímisdóttir, prófessor við H.Í., kynnti nýverið, sýndi að verðteygni gosdrykkja er tæplega 1%. Þetta þýðir að fyrir hverja prósentuhækkun á gosdrykkjum minnkar neyslan um 1%. Í nýrri skýrslu frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni kemur fram að það sé mestur ávinningur af skatti á sykraða drykki og hann þurfi að vera áþreifanlegur og hækka verð um a.m.k. 20%. Þar kemur einnig fram að 20% skattur geti minnkað neyslu um 20%.

Sjá nánar í frétt á mbl.is um þessa rannsókn:

[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/01/03/skattlagning\\_ahrif\\_a\\_neyslu/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/01/03/skattlagning_ahrif_a_neyslu/)

4. janúar 2017

**Hólmfríður Þorgeirsdóttir** verkefnisstjóri næringar

**Elva Gísladóttir** verkefnisstjóri næringar